

STJÖRNARTÍÐINDI B 4 — 1973

25. janúar 1973.

63

Nr. 23.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7
22. febrúar 1966, og bann við loðnuveiðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. marz til 15. maí 1973, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á tímabilinu 15. maí til 15. ágúst 1973 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

7. febrúar 1973.

Nr. 24.

REGLUGERÐ

um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

1. gr.

Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 50 smálestum, sem stundað hafa þessar veiðar að marki á árunum 1971 og 1972. Gildir þetta til ársloka 1973 og getur ráðuneytið bundið leyfin þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 191 10. júní 1969 um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. febrúar 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.